

	Bls.
Vísnaþeppni 1985	1
Hannes Pétursson: Vísnaþál.	2
Héraðsbókaþafn Skagfirðinga, Safnaþús Skagfirðinga: Ársskýrsla 1985	7
Greinaþerð um Héraðsskjalasafn Skagf. 1985	11
Úr Héraðsskjalasafni	17
Ferðasaga Hóla-Guðmunðar 1887	17
Búþkaþurinn á Hólum í Hjaltaðal vorið 1887	22
Eftirmaeli eftir Biblíu-Björn	23
Hannes Hannesson, Melþreið: Félaþslíf og þkemmtanir í Fljóþum um alðamóþin	25
Hver er maðurinn	29

10. áþangur 1986

safnaþ þal



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
og
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
SAUÐÁRKRÓKI

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON

Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MCMLXXXVI

Vísnaþkeppni 1985

Þar eð þátttakendur í vísnaþkeppninni 1985 reyndust nauðafáir, þótti ekki fundarfært fremur en árið 1984. Keppnin fellur því niður, en þökk sé þeim, sem hlýddu kalli og sendu stökur.

Ekki þykir ástæða að fitja upp á fyrripörtum til að botna að þessu sinni, þar eð áhugi virðist lítill sem enginn. Verður því sleginn botn í vísnaþkeppni Safnamála. Þó má vera, að aftur verði gerð tilraun af þessu tagi, er stundir líða fram.

Vísnamál munu halda áfram að birtast í ritinu.

K.B.

Vísnamál

1.

Nú er dauflægri byggð í Stíflu í Fljótum en á fyrri tíð. Sléttlendið fagra hvarf undir uppistöðulón Skeiðsfossvirkjunar, og hafa flestar jarðir sveitarinnar farið í eyði á þessari öld, sumar vegna þess arna. Í gamla daga rauk þar úr mörgum strompi, eins og lýst er í eftirfarandi stöku. Ekki er nefnt hver orti:

Rýkur í Tungu, rýkur í Hring,
rýkur í Háakoti,
rýkur Stíflan rétt í kring,
rýkur í hverju skoti.

Fljótamenn voru harðir sjósóknarar. Í uppskriftum með hendi Gunnlaugs Jónssonar fræðimanns á Skuggabjörgum stendur vísa ein um þá, kveðin 1808 og eignuð Jóni Kolbeinssyni, en ekki eru sögð deili á honum. Vísan er dýr og kenningaborin:

Hraustir róa, hryggðum sóa;
hrings- ei óar brjótum
á síldarflóa setja mjóa
súðakjóa í Fljótum.

2.

Þeir Baldvin Jónsson skáldi, síðast vinnumaður í Sauðárhreppi (d. 1886), og Skúli Bergþórsson á Meyjarlandi voru góðir mátar. Í kvæði eftir Skúla, sem heitir *Föðurhúsið og hjónabandið* og geymt hefur í eiginhandarriti hans, er skotið inn vísu eftir Baldvin, samkvæmt því sem Skúli tekur fram sjálfur. Sú vísa hefur ef til vill ekki komið mikið á kreik. Baldvin gekk aldrei í hjónaband. Hann kvað:

Æska sumra sýnast má
sælurósum búin,
en hjónabandsins hólmi á
hnígur margur lúinn.

3.

Ýmsar vísur hafa verið kveðnar þannig, að þær tengjast sérstökum dögum ársins, til að mynda þessi gamli húsgangur, kunnur fyrir norðan:

Dáfallegar dæturnar
dyrunum eftir ganga
með fjólubláar fæturnar
á föstudaginn langa.

Ekki er gott að ráða í hvort heldur á hér við, að fætur stúlkanna dáfallegu væru fjólubláir af kulda, af því að þær strípluðust um berleggjaðar, eða fjólubláir vegna þess að þær klæddust sokkum þannig litum. Ef nú sokkar þeirra voru fjólubláir þennan dag, gæti það falið í sér þjóðlífsmynd, því *fjólublátt* er einmitt litur iðrunar og yfirbótar í kirkjulegu táknmáli og er uppi hafður í messum á langafriðadag. Ef til vill hefur verið til síðs fyrrum, þar sem fólk kunnir skil á trúarlegri merkingu lita (hugsa mætti sér það á prestssetrum öðru framfar), að klæðast einhverjum flíkum fjólubláum á föstudaginn langa.

4.

Nafnavísur hafa legið hér í landi og nafnapulur. Þótt listgildi þess háttar kvæðskapar þyki varla mikið nú á dögum, geta slíkar upptalningar notið sín frá öðrum sjónarmiðum séð, t.d. málfarslegum eða málsögulegum.

Árið 1922 dó í Kolgröf í Lýtingsstaðahreppi Guðmundur Sveinsson, fæddur 1862. Hann bjó fyrst í Reykjasesli, en síðast í Héraðsdal.

Guðmundur var greindur maður og vel þokkaður. Hann kastaði einstaka sinnum fram vísu, en nú munu þær flestar gleymdar. Unglingur bjó hann til nafnavísu, þá til heimilis á Nautabúi, hjá Hannesi bónda Þorvaldssyni. Dag einn taldi hann upp sauðina þar með nöfnum — og setti ekkert annað en þau í vísuna:

Höttur, Gyrðir, Gráflekkur,
Golti, Móri, Snigill,
Fori, Surtur, Svarflekkur,
Svanur, Karri, Tigill.

5.

Pálmi Pétursson, síðast kaupmaður á Sauðárkróki (d. 1936), orti margt og bókfesti ýmislegt af því sér til dægradvalar í elli. Í þeim uppskriftum er þessi vísa:

Jómfrúin er mild og mjúk,
mér finnst þetta gaman;
eins og hvöt í beggja bók
bræði okkur saman.

Og önnur:

Þó að hamli hryðjubyr,
heyrist glamra þjóðin,
ég mun amla, eins og fyr,
upp á gamla móðinn.

6.

Sigurbjörg Jónsdóttir, kennd við Skarðsá, fæddist árið 1843 og lifði til 1928. Foreldrar hennar, hjónin Guðrún Jónsdóttir og Jón Arnórsson, bjuggu á Hóli og Bessastöðum í Sæmundarhlíð, einnig á Litla-Vatnsskarði í Húnavatnssýslu.

Maður Sigurbjargar var Konráð Jóhannesson, dóttursonur Gísla sagnaritara Konráðssonar. Þau stunduðu búskap á ýmsum bæjum í Seyluhreppi 1865-90, lengst á Ytra-Skörðugili, en fluttust svo að Skarðsá og slitu samvistir nokkru seinna. Konráð var eftir það í Torfgarði á Langholti, en Sigurbjörg dvaldist áfram á Skarðsá. Þar stóðu synir þeirra Konráðs fyrir búi, og stjórnaði Sigurbjörg verkum innandyra meðan henni entist þrek til. Hún lá að mestu rúmföst síðasta áratug ævi sinnar, en hélt sálarkröftum aðdánlega fram undir dauðastund.*

Sigurbjörg Jónsdóttir þótti bráðvelgefín kona og skörungur til orðs og æðis. Hún var fróðleiksgjörn og ljóðelsk og orti vísur, en mun hvorki hafa skrifað þær upp né haldið þeim mikið á lofti. Hér fara á eftir nokkrar þeirra.

Dag einn var Sigurbjörg á gangi með Skarðsánni, sá glerbrot sem lá þar og tók það upp. Það hafði verið með fallegum, gylltum rósum sem nú voru máðar, en þó sást fyrir þeim. Henni varð að orði:

Margt í heimi myndað er,
mörg er rós upp dregin.
Ég er eins og gamalt gler,
sem gylling af er þvegin.

Árni gersemi, hinn snjalli kvæðamaður, kom að Skarðsá — og hampaði pyttlu. Sigurbjörg þáði dropa hjá honum, en ekki fór betur en svo að Árni lognaðist út af. Sigurbjörg dró hann þá upp á reiðingshlaða frammi í skemmu og kvað um leið:

* Sveitungi Sigurbjargar á Skarðsá, Sveinn Hannesson frá Elivogum, kvað vísur í minningu hennar, sjá bók hans, *Andstæður*, 1933.

Af þér hef ég engin not,
að þótt neyðin bæri.
Fallinn ertu í flöskurot,
félagsbróðir kæri.

Eitt sumarið veitti Sigurbjörg athygli sérstaklega stórum og fallegum túnfífla í varpanum á Skarðsá. Hún orti, þegar hann var orðinn biðukolla:

Fagur varstu, fífill minn,
flestum blómum skærri;
nú er hvítur kollur þinn
kominn dauða nærri.

Ekki er getið um sérstök tildrög eftirfarandi vísu:

Oft eru blysin ásta björt
undurfljót að deyja,
en askan eftir situr svört,
sem er bezt að fleygja.

Um grannkonu kvað Sigurbjörg:

Fer og rausar bæ frá bæ,
blökk er taus á vanga.
Sú hlандаusa sí og æ
svuntalaus vill ganga.

Að lokum skal tekin upp þessi staka Sigurbjargar á Skarðsá:

Enginn komast á í mát,
af þó fari gaman;
margur hefur brotið bát
og barið hann aftur saman.

Hannes Pétursson.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1985

Rekstur Héraðsbókasafns Skagfirðinga var með líku sniði og undanfarin ár. Það var opið eins og áður 16 stundir 5 daga vikunnar, mánudaga – miðvikudaga kl. 4–7 s.d., fimmtudaga kl. 7.30–10 s.d. og föstudaga kl. 2–6.30 s.d. Í júlí og ágúst voru þó útlán aðeins á mánudögum og fimmtudögum.

Lánþegar frá 1. júlí 1985 til 31. maí 1986 urðu alls 537. Er það nánast óbreytt tala frá fyrra ári. Barnaskírteini urðu 147, en fullorðisskírteini 390. Hafði fullorðnum lánþegum fjölgað nokkuð, en börnum fækkað að sama skapi. Gjald fyrir lánsskírteini var óbreytt frá fyrra ári, kr. 250 fyrir fullorðna og kr. 60 fyrir börn og lífeyrisþega. Sektargjald var óbreytt, 50 aurar á bók fyrir hvern vanskiladag. Reglur um lánstíma og fjölda bóka voru einnig óbreyttar.

Gestir, sem fengu léðar bækur, urðu alls 8.222, börn 2.207, en fullorðnir 6.015. Heildarútlán urðu 34.397 bindi, hafði fækkað um nál. 3%, voru svipuð og 1983. Útlánin skiptast þannig niður, að barnabókaútlán urðu alls 7.810, en bækur fyrir fullorðna samtals 26.587, sem nánar greinist þannig, að flokkabækur voru 6.199, en skáldsögur 20.388. Þar af voru tímarit og fræðibækur af lestrar-sal 102 og blindrabækur 22.

Útgerðarfélag Skagfirðinga fékk sem endranær bækur í kassa til togaranna þriggja, alls 619 bindi, og til skóla og annarra safna fóru alls 96 bindi.

Í safnið bættust 800 bindi á árinu, og voru skráð númer í árslok 20.800.

Bundnar voru 183 bækur, þar af 37 í kjölfestuband.

Ýmsir buguðu safninu í formi bóka og blaða, og skulu þeim öllum færðar beztu þakkir. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftar.

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Starfsemi í Safnahúsinu féll eftir svipuðum farvegi og áður. Auk þess að hýsa söfnin, sem þar eru til staðar, voru salir leigðir út til stofnana og félagasamtaka fyrir fundi eða aðrar samkomur.

Bæjarstjórn hélt hér sína fundi eins og venjulega, alls 19, sömu-leiðis sýslunefnd, sem fundaði hér tvisvar. Aðrir fundir urðu 31. Tvö námskeið fóru hér fram, samtals í 8 daga, annars vegar Brunavarnir Skagafjarðar með námskeið í reykköfun o.fl., hins vegar jazznámskeið að tilhlutan Jazzklúbbs Sauðárkróks. Réttarhald var háð hér einu sinni.

Málverkasýningar urðu alls 6. Fyrstur reið á vaðið í febrúar Þorlákur Kristinsson (Tolli). Í sæluviku í marz sýndi Hringur Jóhannesson í boði Listasafnsins og Safnahússins. Í júní var sýning á teikningum skólabarna í tengslum við Norðurlandsleika æskunnar og á sumarsæluviku sýndu hér Gunnar Sigurjónsson frá Skefilsstöðum í norðursal hússins en í suðursal var uppi sýning þeirra Borghildar Óskarsdóttur, Guðrúnar Guðmundsdóttur og Sigrúnar Eldjárn. Loks sýndi Elías B. Halldórsson í ágúst.

Tónleikar urðu 12 talsins, þar af þrennir nemendatónleikar hjá Tónlistarskólanum. Auk þess komu hingað Páll Jóhannsson gítarleikari, strengjasveit Tónlistarskólans á Akureyri, Bubbi Mortens með vísnatónleika, Dag Achatz píanóleikari, Þórólfur Stefánsson gítarleikari, Signý Sæmundsdóttir söngkona og Þóra Fríða

Sæmundsdóttir píanóleikari, kór frá Horsens í Danmörku og loks hélt Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanisti tónleika seint í október.

Þess er enn að geta, að Tónlistarskólinn fékk æfingátíma í húsinu tvo daga í viku yfir veturinn.

Haraldur Ólafsson lektor og alþingismaður hélt erindi á vegum Safnahússins í sæluviku og talaði um Landnám á Íslandi í ljósi mannfræðinnar.

Gerð var tilraun til að halda bókmenntakynningu, þegar Guðlaugur Arason kom í desembermánuði til að lesa úr verkum sínum. Henni varð þó að aflýsa, þar sem áheyrendur fengust alls ekki.

Tveir fræðimenn komu til stuttrar dvalar í fræðimannsherbergi hússins.

Framkvæmdir í húsinu voru engar á árinu, nema útlánasalur bókasafns var málaður.

Starfslið safnanna var óbreytt frá fyrra ári: Hjalti Pálsson bóka-vörður og forstöðumaður Safnahússins í heilu starfi, Kristmundur Bjarnason skjalavörður í hálfu starfi, Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafni í hálfu starfi, og Jóna Sveinsdóttir sá um ræstingar.

Stjórn safnanna var einnig óbreytt: Kári Jónsson formaður, Rögnvaldur Gíslason og Sigurlaug Sveinsdóttir fulltrúar Sauðárkrókskaupstaðar, en Kristmundur Bjarnason og séra Gunnar Gíslason fulltrúar Skagafjarðarsýslu.

H.P.

Skrá yfir gefendur til bókasafnsins:

Anna Pálsdóttir, Birkihlíð 4, Sauðárkróki.

Eggert Ólafsson, Varmahlíð.

Geirlaugur Jónsson, Grensásvegi 60, Reykjavík.

Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg.

Landlæknisembættið, Reykjavík.

Magnús Gíslason, Frostastöðum.

Ólafur Sveinsson, Víðihlíð 14, Sauðárkróki.

Sigmundur Pálsson, Smáragrund 13, Sauðárkróki.

Sigríður Hansen, Skógargötu 15, Sauðárkróki.

Sigurður Jónsson, Reynistað.

Sigurlaug Guðjónsdóttir, Rauðarárstíg 32, Reykjavík.

Snorri Evertsson, Víðihlíð 31, Sauðárkróki.

Ögmundur Helgason, Tómasarhaga 12, Reykjavík.

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI

Sími (95)5424

Aðalumboðsmenn:

Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Skr., heimasími 5128

Hjalti Pálsson, Safnahúsinu, Sauðárkróki, sími 5424

Umboð á Akureyri:

Jón A. Jónsson húsvörður, Þórunnarstræti 104, sími 26850

Umboð í Reykjavík:

Sögufélagið, Garðastræti 13b, sími 14620

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1985

Á árinu var unnið að málefnum safnsins með líkum hætti og fyrr: handrit flokkuð, ritaðar lýsingar á þeim og getið skráningarmarks og uppflettitölu. Lokið var við mannanafnalykil rúmlega þúsund handrita.

Safninu bættist mikið í bú á árinu, og hafa þau handrit verið skráð jafnóðum og bærust og einnig allmikið verið höggvið í hinn gamla haug, er fyrir var. Hin miklu bréfasöfn, svo og vísnaöfn, hafa reynzt ærið erfið viðfangs, en þau eru mörg gömul og hafa borizt að hvaðanæva.

Unnið er árið um kring að söfnun ljósmynda, svo og nafngreiningu þeirra, en spjaldskráning hefur legið niðri um sinn.

Afgreiðsla utan opnunartíma safnsins reyndist mjög tímafrek eins og jafnan áður, en til safnsins leitað hvaðanæva af landinu og raunar einnig frá öðrum löndum. Erindi utan opnunartíma voru 275.

Heima í héraði hefur fram til þessa verið ótrúlega mikið opinberra gagna, sem varðveita á í Þjóðskjalasafni og áttu að réttu lagi að vera þangað komin fyrir löngu, jafnvel fyrir síðustu aldamót. Sumpart hafa þessi gögn verið á vegum sýsluskrifstofu, sumpart héraðsskjalasafnsins, eftir að það var stofnað, önnur voru á dreif um héraðið og hafa borizt safninu úr dánarbúum. Hér er meðal annars um að ræða tugi embættisbóka sýslumanna og

prófasta (dómsmálabækur, visitatiubækur). Unnið hefur verið að skilum þessara gagna í réttar hendur. Áður en svo megi verða, þarf að ljósrita þau, ef fullnægja á kröfum safngesta. Þeir voru samkvæmt gestabók 514.

Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga hefur jafnan styrkt héraðsskjalasafnið. Árið 1985 veitti hann 20 þúsund krónur í því skyni, sem komu sér vel, og þakkar safnið þessa aðstoð. — Tekjur af höfundarrétti reyndust alls kr. 27. 856.

Margir hafa fengið safninu handrit og ljósmyndir til varðveislu, eins og skráin hér á eftir ber með sér. Meðal þeirra er Björn Jónsson í Bæ á Höfðaströnd. Hann hefur lengi verið hollvinur safnsins, gefið því frásögubætti, dagbækur, bréfasafn og margt fleira, og hann hefur ekki látið við svo búíð standa: Í september (1985) gaf hann safninu höfundarrétt að öllum skrifum sínum eftir sinn dag. Héraðsskjalasafn færir honum beztu þakkir fyrir auðsýnda virkt fyrir og síðar.

Í 2. árgangi Safnamála (1978) er greint frá bóka- og handrita-gjöf Sigurðar J. Gíslasonar kennara á Akureyri og þar tekið fram, að bóka- og handritasafnið yrði í hans vörzlum, meðan hann lifði. Sigurður lézt 28. marz 1983, en fæddur var hann 6. júlí 1893. Hluti bókasafns Sigurðar barst héraðsskjalasafninu, meðan hann enn var ofar moldu, var afhent um hendur hálfbróður hans, Jóns smíðs Gíslasonar, en á heimili hans átti Sigurður athvarf. Langmestur hluti safnsins var þó ekki sóttur til Akureyrar fyrr en haustið 1985 sökum erfiðleika, sem á voru að taka við því hér. Þau hjón, Jón og Jóhanna Sófusdóttir, lofuðu safninu að vera óhreyfðu í herbergi Sigurðar á þriðja ár endurgjaldslaust. Og þau gerðu betur: Jón er listhagur smíður og fjölhæfur: Hann gaf safninu gifsmynd, er hann hafði gert af Sigurði og fylgir safni hans, einnig gáfu þau hjón bókaskápa og skrifborð Sigurðar. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga þakkar þeim hjónum góðar gjafir og ágæta fyrir-greiðslu.

Bókasafn Sigurðar er hið merkasta og mikið að vöxtum, fyllir trúlega 70-100 hillumetra, ef allt er talið. Kennir þar margra grasa, langmest ber á ritum varðandi íslensk fræði forn og ný.

Flestar útgáfur Íslendinga sagna er hér að finna, svo sem Fornrita-útgáfunnar, flestöll þjóðsagnasöfn íslenszk, Íslenskt fornbréfasafn (þó ekki alveg heilt), Safn til sögu Íslands, Sýslumannaæfir, Árbækur Espólíns, Almanak Þjóðvinafélagsins og Almanak Þjóðræknisfélagsins. Hér gætir flestra orðabóka yfir íslenska (norræna) tungu og margs konar uppflettirit, og eins og áður segir fjöldi fræðirita um Ísland og Íslendinga á íslensku og erlendum málum. Mest þótti samt Sigurði sjálfum til ljóðasafnsins koma. Ljóðabækur í safninu skipta sjálfsagt hundruðum, og eru fjölmargar í frum-útgáfu. Sigurður hafði sérstaklega lagt sig eftir söfnun ljóðmæla hvers konar, enda kennir margra grasa.

Vitaskuld er talsvert af lítt nýtum bókum í safni Sigurðar, og er þá t.a.m. átt við ósamstæð tímarit á erlendum málum, skemmti-efni, reyfara á ýmsum tungum o.s.frv. Slíks gætir jafnan í einka-söfnum. Bókasafnarar fleygja ógjarna skræðu, enda þótt þeim sé ljóst, að hún eigi ekki þegnurétt innan um beztu bækur og sé jafnvel vart geymsluhæf.

Sigurður átti líka mikið bréfasafn, þar eru bréf rituð til hans, en einnig fjöldi úr annarra eigu; merkilegt safn. Í safni Sigurðar er og talsvert af handritum frá öndverðri 19. öld, en hæst ber vísnaafn hans hið mikla, sem vikið er að í 2. árg. Safnamála, og vísast til þeirrar greinargerðar.

Í 5. árg. Safnamála (1981) er þess getið, að Ottó A. Michelsen forstjóri í Reykjavík, og kona hans, Gyða Jónsdóttir, hafi gefið á sextugsafmæli hans árinu áður, 12 Hólaprent auk annars. Fimm árum síðar, 1985, færðu þau sig upp á skaftið: gáfu safninu 35 bindi gamalla geistlegra rita, sem öll töldust hin ypparlegasta lesning, er út komu. Fyrst skal tíunda Hólaprentin 6 að tölu: Sjö predikanir út af sjö orðum (Hólum 1746, 1753); Eintal sálarinnar (Hólum 1746); Sigurhróshugvekjur (Hólum 1797); Daglegt kvöld og morgunoffur (Hólum 1780); Píslarhugvekjur (Hólum 1766). Af Viðeyjarprenti má nefna: Ágrip af historium heilagrar ritningar (1837); Flokkabók (1843); Lærdómsbók í evangelískum kristilegum trúarbrögðum handa unglíngum (1837); Andlegir sálmar og kvæði Hallgríms Péturssonar (1838); Messusöngs- og sálmabók

(1837); Biblía (1841); Sálma- og bænakver (1838); Sálma- og bænabók (1834-35); Hústabla (1842); Það andlega bæna reykelsi (1836); Predikanir Árna Helgasonar (1839). Tvö rit prentuð í Leirárgörðum: Messusöngs sálma- og bænabók (1801); Kristilegra trúarbragða höfuðlærdómur (1799). Hér skal staðar numið upp að telja hin guðfræðilegu rit.

Ritið, sem kórónar allt í fyrrnefndri sendingu þeirra hjóna, er á veraldarvísu: ágætt eintak Heimskringlu Snorra Sturlusonar í tveim bindum, útgáfu þeirrar, sem Peringskiöld hinn sænski lét prenta í Stokkhólmi 1697, og er fyrsta prentútgáfa þess rits og gersemi mikil, eins og gefur að skilja. Hér hefur gefanda þótt við hæfi að hafa Andrarímur með Hallgrímssálmum, og fer vel á.

Stofnanir af sama toga og héraðsskjalasöfn — sem hafa engar fastar tekjur — þurfa að njóta stuðnings og velvildar borgaranna, ef þær eiga að verða annað og meira en geymslur embættisgagna. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga þakkar þeim hjónum margháttadan stuðning um árabíl. Sá sem þetta ritar, vonar að því fari fram sem horfir; að vænta megi frekari gjafa til safnsins skv. næstu fimmáraáætlun!

Eins og áður er drepið á, hafa margir fært safninu gjafir á árinu: handrit, ljósmyndir, bækur. Safnið þakkar öllum, sem þannig hlúðu að því.

K.B.

Skrá yfir gefendur:

Ágúst Sigurðsson, Geitaskarði, Hún.
Ágúst Sigurðsson, sendiráðsprestur, Kaupmannahöfn.
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum, Lýtingsstaðahreppi.
Björn Jónsson, Bæ, Höfðaströnd.
Dagbjört Ásgrímsdóttir, Skíðabraut 7, Dalvík.
Erna Einarsdóttir og Gísli Felixson, Hólavegi 18, Sauðárkróki.
Friðrik Hallgrímsson, Sunnuhvoli, Akrahreppi.
Geir S. Björnsson, Goðabyggð 4, Akureyri.
Geirmundur Jónsson, Hólmagrund 24, Sauðárkróki.

Safnamál . 14

Guðbrandur Porkell Guðbrandsson, Grundarstíg 3, Sauðárkróki.
Guðbrandur Magnússon, Dalalandi 6, Reykjavík.
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki.
Guðmundur Andrésson, Hólavegi 10, Sauðárkróki.
Guðmundur Einarsson frá Breið, Lýtingsstaðahreppi.
Gyða og Ottó Michelsen, Litlagerði 12, Reykjavík.
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.
Helga Hálfðánardóttir, Grettisgötu 32, Reykjavík.
Helga Vilhjálmsdóttir, Hólavegi 7, Sauðárkróki.
Héraðsskjalasafn Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu, Akureyri.
Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Egilsstöðum.
Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.
Hjörleifur Kristinsson, Gilsbakka, Akrahreppi.
Hólmfríður Gunnarsdóttir, Einarsnesi 18, Reykjavík.
Hreinn Guðjónsson, Selá, Skaga.
Inga Ingólfsdóttir og Stefán Jónsson, Grænumýri, Akrahreppi.
Ingibjörg Jónsdóttir, Flugumýrarhvammi, Akrahreppi.
Ingimar Jóhannsson, Suðurgötu 3, Sauðárkróki.
Jón Gíslason, Fjólugötu 14, Akureyri.
Jón Kr. Margeirsson, Logalandi 17, Reykjavík.
Kári Jónsson, Smáragrund 16, Sauðárkróki.
Kristinn Pálsson, Löngumýri 14, Akureyri.
Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg, Skarðshreppi.
Lárus Björnsson, Neðranesi, Skefilsstaðahreppi.
Lóvísa Björnsdóttir, Hólavegi 15, Sauðárkróki.
Magna Sæmundsdóttir, Hríseyjargötu 2, Akureyri.
Margrét Jónsdóttir, Espilundi 20, Akureyri.
Marteinn Steinsson, Freyjugötu 48, Sauðárkróki.
Orðabók Háskóla Íslands.
Pála Pálsdóttir, Suðurbraut 19, Hofsósi.
Páll Sigurðsson, Öldustíg 15, Sauðárkróki.
Páll Ögmundsson, Skúlagötu 80, Reykjavík.
Pálmi Sigurðsson, Akurseli 6, Reykjavík.
Pétur Jóhannsson, Reykjabraut 15, Þorlákshöfn.
Ragnar Eiríksson, Gröf, Höfðaströnd.
Rösmundur G. Ingvarsson, Hóli, Lýtingsstaðahreppi.
Rotaryklúbbur Sauðárkróks.
Sigríður J. Hannesdóttir, Blöndubakka 8, Reykjavík.
Sigríður Sigurðardóttir frá Ökrum, Akrahreppi.
Sigurbjörg Halldórsdóttir, Brekkukoti, Óslandshlíð.
Sigurður Pétur Björnsson, Garðarsbraut 19, Húsavík.

Safnamál . 15

Sigurður Jónsson, Reynistað, Staðarhreppi.
Sigurjón Ísaksson, Stóragerði 4, Reykjavík.
Snjólaug Guðmundsdóttir, Árnesi, Lýtingsstaðahreppi.
Sólveig Arnórsdóttir, Útvík, Staðarhreppi.
Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki.
Stefana Guðmundsdóttir og Ólafur Sveinsson frá Mælifellsá, Ásvallagötu 20,
Reykjavík.
Vilborg Tryggvadóttir og Pétur Þorsteinsson, Austurbrún 6, Reykjavík.
Þorbjörg Jónsdóttir, Háaleitisbraut 115, Reykjavík.
Þórey Guðmundsdóttir og Trausti Símonarson, Litluhlíð, Lýtingsstaðahreppi.
Ögmundur Helgason, Tómasarhaga 12, Reykjavík.

Fleygið ekki bókaslitrum, gömlum blöðum eða skrifuð-
um gögnum án samráðs við safnaverðina. Látið söfnin
njóta þess, sem nýtilegt kann að vera. Þau gera orð
skáldsins að sínum:

Ég vinn úr því, sem aðrir vilja
ekki nýta:
Í arinkerslum leynist löngum
lagleg spýta.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga.

Úr Héraðsskjalasafni

Ferðasaga Hóla-Guðmundar 1887
(Hsk. 981, 4^{to})

Eftirfarandi tvær frásagnir Guðmundar Guðmundssonar (Hóla-Guðmundar) eru skráðar af Guðmundi Davíðssyni á Hraunum í Fljótum 1936. Þær eru aðeins til í ófullkomnu uppkasti, gætir þess einkum í upphafi ferðasögunnar. Þar er t.a.m. sagt, að Guðmundur ætti heima á Gili í Svartárdal, síðan stríkað yfir það og ritað ofar línu: Vatnsdal, sem einnig er svo stríkað yfir. Skv. prestþjónustubók Hóla kom Guðmundur frá Gili í Svartárdal. Hins er og að gæta, að það er úr leið að gista í Tungunesi sé haldið þaðan yfir Vatnsskarð. Fleira mætti nefna, sem er ónákvæmt, og hefur það ýmist verið fellt úr frásögninni, enda þá litlu máli skipt, eða fært þegjandi til réttara horfs.

K.B.

Árið 1886-7 átti Guðmundur Guðmundsson, kallaður Hóla-Gvendur, heima á Gili í Svartárdal í Húnavatnssýslu. Hafði hann ráðið sem vinnumaður að Hólum í Hjaltadal og átti að fara þangað um vorið á krossmessu. Einhverra hluta vegna gat Guðmundur ekki komið af stað frá Gili fyrir en krossmessudaginn 14. maí. Var í fylgd með honum stúlka, sem Sigríður hét, úr Vatnsdalnum.

Fyrsta daginn var farið að Tungunesi og gist hjá Erlendi bónda. Þar bættist í förina unglíngur, sem Jóhannes hét. Hafði hann trúss nokkur; og þegar haldið var þaðan, var farangur á fjórum hestum; en alls voru 9 hestar í förinni. Þann 15. héldu þau snemma af stað, létu ferja sig yfir Blöndu og héldu svo sem leið liggur yfir Vatnsskarð, um Víðimýri og að Völlum í Hólmi. Ætlaði Guðmundur sér að ná út í Viðvíkursveit um kvöldið. En þegar að Völlum kom, var farið að halla degi, og þar að auki var farið að hríða. Þá bjó á Völlum Jón bóndi Stefánsson. Hitti Guðmundur hann að máli og óskaði að fá ferju yfir Vötnin þá strax um kvöldið. En Jón var tregur til. Sagði hann, að slæmt myndi vera að ferja og þaðan af verra að sundleggja þreytta hestana, og þá ekki sízt, ef þeir hefði ekki gengið vel undan vetrinum. Yfirleitt taldi hann öll tormerki á að flytja þau Guðmund yfir Vötnin. Samt fór Guðmundur með farangur þeirra niður á ferjubakkann og bjó um hann. Þegar þessu var lokið, var orðið svo framorðið, að Jón aftók að láta ferja, enda versnaði þá og hríðin óðum, með norðanstormi, frosti og snjókomu. Flutti Guðmundur þá sumt af hestunum á haga, en sumt, þá lélegustu eða holdþynnstu, fékk hann að láta inn og fékk handa þeim fóður; var þó heyið mjög slæmt. Voru þau Guðmundur þar um nóttina í góðu yfirlæti. Virtist Guðmundi svo, sem Jóni bónda myndi þykja sopinn góður, því kenndur var hann, þegar ferðafólkið bar þar að garði, og það til muna.

Á miðvikudagsmorgun, 16. maí, var Guðmundur snemma á fótum og hugði til ferðar. En þegar út kom, leizt honum ekki á blikuna, því grenjandi norðanfrosthríð var úti og ekkert viðlit að halda áfram ferðinni. Varð honum þá fyrst fyrir að svipast eftir hestum sínum, þeim, er úti voru, en þeir voru horfnir úr námunda við túnið. Tók hann þá einn þeirra hesta, er hýstir höfðu verið, lagði á hann hnakk sinn og fór að leita. Datt honum í hug, að þeir myndi hafa leitað undan veðrinu og hélt hann því fram Hólminn í ótal krókum, því að lítt sá frá sér; og eftir langa og tafsama leit, fann hann þá framundir Vindheimabrekkum. Hélt hann síðan með þá heim að Völlum aftur, og var ferðafólkið þar kyrrt um daginn. Bar lítið til tíðinda þann daginn annað en það,

að Guðmundur var fenginn til að slátra nokkrum gemlingum, sem þá þegar voru hálfdaudir úr hor, eða einhverskonar uppdráttarsýki. Var svo víða um Norðurland á því vori, og kenndu menn almennt um slæmu föðri um veturinn, og munu menn hafa haft mikið til síns máls.

Á fimmtudaginn var sama hríðin og engu betri. Til dæmis um veðurvonzkuna gat Guðmundur þess, að hann og Þorleifur, sonur Jóns, hefði um daginn farið að Skinþúfu — nú Vallanes — með sinn heypokann hvor, og villtust þeir. Lögðu þeir tvisvar af stað, en náðu ekki kotinu; en í þriðja skipti náðu þeir þangað.

Á föstudagsmorguninn vakti Jón Guðmund snemma. Var þá heldur skárri veður, en þó ekki ferðafært, mest þó vegna þess, að allar ár og lænur voru uppbólgnar og fullar af krapu. Sagði Jón við Guðmund, að hann hefði ætlað honum verk um daginn; ætlaði hann sér að slátra nokkrum kindum og ætlaði að biðja Guðmund að vera við það með sér og piltum sínum. Guðmundur kvaðst helzt vilja vera laus við sláturstörfin. En þá sagði Jón, að hann hefði ætlað honum annað verk en að skera féð og gjöra það til — hann hefði ætlað honum að taka frá fé, sem slátra ætti. Færðist Guðmundur undan þessu, og körpuðu þeir dálítið um það. En þó varð það úr, að svo varð að vera sem Jón vildi. Og var slátrað um daginn 50 ám og 20 gemlingum. Var allt þetta fé svo á sig komið, að Guðmundur áleit því ekki lífvænt, jafnvel þótt veðuráttan batnaði bráðlega. En þetta telur Guðmundur sóðalegustu og hroðalegustu aðfarir við slátrun, sem hann hafi kynnt um dagana. En allt það fé, sem Guðmundur skildi eftir, gekk vel fram, og missti Jón bóndi ekkert af því.

Næsta morgun var farið að hugsa til ferðar. Þá voru Vötnin svo full af krapu, að ekkert viðlit var að ferja. Varð Guðmundur því að fara fram með þeim, fram á móts við Sólheimagerði, og var þar brotizt yfir þau við illan leik. Var afarslæm færð fram Hólminn, alstaðar þúfnafyllingur af fönn og allar dældir fullar af hálfrosnu krapu. Var því komið undir kvöld, þegar yfir Vötnin var komið og heim að Sólheimagerði. Barði Guðmundur þar að dyrum, og kom til dyranna öldruð kona með rjúkandi sláturtrog

í fanginu. Bogin var hún í baki, en glaðleg og góðleg á svip. Heilsuðust þau, og spyr gamla konan hann fréttu og þar á meðal hvert hann ætlaði að halda í kvöld. Guðmundur sagði, að þarna skammt frá væri Sólheimar, það væri reisulegur bær og þar hefði hann hugsað sér að hafa næturgistingu. Þá segir gamla konan: "Nú – jæja – svo – þú ætlar að Sólheimum, maður minn! Já – ætlarðu að Sólheimum? – Jæja". Bauðst hún til að taka af honum eitthvað af hestunum, þótt hey væri af skornum skammti. Guðmundur hélt að Sólheimum ásamt ferðafólkinu. Hitti hann Helga bónda að máli og beiddist gistingar. En þá varð bóndi óður og uppvægur. Kvað hann ómögulegt að hýsa þau eða hestana. – „Allt fullt af gestum og meir en fullt! Alveg ómögulegt – allt fullt af gestum!“ Varð stutt um kveðjur, en Guðmundur sá sinn kost beztan að halda aftur að Sólheimagerði, en sendi Sigríði og Jóhannes út að Víðivöllum með 5 hestanna. Var gisting í té látin með fúsu geði, og átti Guðmundur þar góða nótt, eftir því sem efni stóðu til. Konan hét Þuríður.

Næsta dag var haldið snemma af stað út Blönduhlíð og út í Viðvíkursveit. Bar fátt til tíðinda þann daginn nema Guðmundur hitti á leiðinni Helga bónda og spurði hann, hvort gestirnir væru farnir. Var Helgi sagnafár um það, enda höfðu þar engir gestir verið nætursakir. Á leiðinni frá Sólheimagerði að Sólheimum daginn áður, hafði Guðmundur bjargað fullorðnum sauð, sem Helgi átti, uppúr krapalæk og reitt hann heim á hlað og afhent hann eigandanum. Þótti Guðmundi Helgi greiða sér illa björgunarlaunin.

Þegar kom út í Viðvíkursveitina, uppgafst eitt hrossið. Sendi þá Guðmundur Jóhannes á bæi þar í kring eftir heyi handa hrossinu. Leitaði hann víða fyrir sér, en fékk hvergi fyrir en á Dýrfinnustöðum. Var komið kvöld, þegar þau voru komin út á móts við Svadastaði. Fóru þau heim að Svadastöðum, og þar fékkst gisting handa Jóhannesi og stúlkunni, en hvorki hús né hey handa hestunum. Tók Guðmundur þá það til bragðs, að hann rak hestana þaðan út og niður á móabörð nokkur og var talsvert farið að auga þar í. Stóð hann þar yfir þeim um nóttina. Þótti honum

ævin ekki góð. Gekk hann þar um gólf alla nóttina, kaldur og svangur. Um morguninn sá hann mann koma heiman frá bæ einum vestan við sig. Þegar þeir mættust, spurði hvor annan að heiti. Var þar kominn Guðmundur Pétursson frá Hofdölum. Spurði hann nafna sinn, hvernig stæði á ferðum hans og því hann hefði ekki leitað sér gistingar kvöldinu áður. Sagði Guðmundur honum þá allt eins og var um ferðir sínar. Bauð Guðmundur Pétursson nafna sínum heim og fékk hann þar beztu viðtökur: mat, kaffi og brennivín, og kom allt þetta sér mjög vel. Sótti Guðmundur síðan samferðafólk sitt, bjó uppá hestana og hélt af stað. Hestinum, sem uppgafst, kom hann fyrir á Svadastöðum í 3-4 daga. En svo fór þó, að hann var ekki sóttur fyrr en eftir 7-8 vikur og þakkaði Guðmundur það mest Stefáni, sem þá var vinnupiltur hjá Jóni á Svadastöðum. Bjó Stefán síðar á Pverá.

Var nú haldið af stað út Viðvíkursveit og sóttist seint. Segir ekki af ferðum þeirra fyrr en komið var að Garðakoti. Þar bjó þá Magnús Vigfússon, lítill maður, en hnellinn að sjá. Guðmundur spurði hann, hvernig Hjaltadalsá myndi vera yfirferðar. En Magnús taldi hana lítt færa, eða jafnvel ófæra vegna krapstellu. Bað Guðmundur bónda að vísa sér á, hvar helzt myndi tiltækillegast að fara yfir hana, en bóndi kvaðst þá myndi fylgja honum að ánni, og það gjörði hann. Brauzt Guðmundur þar yfir ána, sem Magnús vísaði honum til, og gekk illa, en slarkaðist þó án verulegra tafa. En það sagði Magnús, að ekki væri hann kominn heim í Hóla, þótt hann hefði komizt yfir Hjaltadalsá, eftir væri Víðinessá og myndi hún verða ógreið yfirferðar. Væri sjálfsagt fyrir hann að koma að Víðinesi. Skildu þeir svo, og þakkaði Guðmundur Magnúsi fyrir fylgdina og upplýsingarnar. Hélt hann síðan heim í Víðines og barði að dyrum. Kom út maður, hár sem fjallstindur og digur sem naut. Var þetta Jón Guðmundsson, sem þá hafði fyrir ári flutzt frá Ásgerðarstöðum í Hörgárdal að Víðinesi. Guðmundur spurði hann, hvernig Víðinesáin myndi yfirferðar, en Jón taldi hana ófæra. Guðmundur kvaðst þó vilja reyna við hana. Fór Jón síðan með honum að ánni. Gekk mjög erfiðlega að komast yfir, því að svo var krapastellan mikil, að hún tók

hestunum á miðjar síður, og verst var það, að krapíð var frosið ofaná og brotnaði hvað eftir annað undan þeim hestinum, sem á undan var hafður. Samt tókst á endanum að brjótast yfir Víðinessána og þá var nú skammt eftir til Hóla; gekk það slysalaust að komast heim á staðinn. Skilaði Guðmundur öllu óskemmdu: hestum, farangri og fólki. Þótti ferðalag þetta með fræknleik miklum af hendi leyst frá Guðmundar hálfu í þeim illviðrum, sem þá geisðu yfir Norðurland, þeim heyskorti, sem alstaðar var og bjargarleysi fyrir menn.

Seinna sagði Jón við drengi sína, að þeir skyldu vara sig á þessum nýja Hólavinnumanni, því að líkastil væri hann bæði fantur og illmenni. En Guðmundur varð góður vinur þeirra feðga allra.

Búskapurinn á Hólum í Hjaltadal vorið 1887

Fyrsta kvöldið á Hólum, var dúkað borð með hnífapörum og skeiðum fyrir hann og fólkið, sem honum hafði verið samferða að vestan. En það, sem á borð var borið, var: fáeinar hagldakökur þurrar og harðar og einn mjólkurbolli handa manni. Þótti Guðmundi þetta lélegar trakteringar, hafandi verið matarlaus allan daginn, eða frá því hann hafði farið frá Hofdölum tímanlega um morguninn. Seinna komst hann að því, að nokkrum dögum áður en hann kom, hafði verið sent frá Hólum yfir á Sauðárkrók og þar fengin 50 pund af kringlum, og voru þessar kringlur, eða þó öllu heldur afgangur þeirra, allur sá matur, sem til var á Hólum, auk dálítils mjólkurdropa úr fáeinum horbeljum. Þá var Jón Hannesson á Hólum, og fór hann gangandi austur Héðinsskörð ásamt einum skólapilti. Fengu þeir hesta í Baugaseli til Akureyrar og til Baugasels aftur. Keyptu þeir eitthvað af mat og fluttu vestur. Bar Jón Hannesson 60 pund af rúgi frá Baugaseli heim í Hóla – og þótti vel gjört.

Þegar Guðmundur kom að Hólum, var nýbúið að skera þar 20 gemlinga, sem ekki höfðu getað lifað lengur vegna megurðar.

Daginn eftir komu hans þangað, var honum skipað að fara með hrossin, sem hann kom með að vestan, fram í Haga. Þá bjó á Hagakoti Jóhann Sigurðsson. Hitti Guðmundur hann og ráðlagði Jóhann Guðmundi að fara með hrossin fram í svonefndan Slétt-haga – hann er á móti Reykjum – því að þar væri meira tekið og hagi betri. Gjörði Guðmundur þetta. Þar var alauð jörð, en þó var haginn allur hvítdröfnóttur af dauðum kindaskrokkum, sem lágu þar hingað og þangað. Þótti honum þetta ljót sjón, svo sem von var til.

Þetta voru voru á Hólum 6 skólapiltar auk fasts heimilisfólks, og þar á meðal Albert á Páfastöðum. 60 ær voru í kvíum á Hólum um sumarið. Jósef var við bú á Hólum næsta ár, en Hermann tók við skólanum um haustið.

Eftirmæli eftir Biblíu-Björn (Hsk. 965, 4^{to}).

Þar fór Björn!
Þar fór Björn!
Þey, þey, þey.
Hann sökk á kaf
í syndahaf.
Svei, svei, svei!
Hvernig var hann?
Grey, grey, grey.
Góðhjartaður?
Ei, ei, ei.
Varð hann hólpinn?
Nei, nei, nei.

Enginn grét.
Enginn grét.
— þótt ætti fé —
þann digra hrók,
sem dauðinn tók
af dínunne.

Þeir földu hann niðrí fjörgyne,
fréttist ekki af sálinne.
Þeir halda, að hún sé í helvíte,
í helvíte.

Páll skáldi.

Ókunnugt er um höfund þessara erinda og einnig um hvern er ort.

Lúrin skildist við lífið hann,
latur að vinna flest;
götuna breiðu ganga vann
og gætti hennar bezt.

Loksins þó greyið fróun fann.
Hann fór úr hundapest.
En hvort hann venti í himnarann,
það hefur ei enn þá frézt.

Hannes Hannesson, Melbreið:

Félagslíf og skemmtanir í Fljótum um aldamótin

(Hsk. 43, 4¹⁰)

Hannes Hannesson á Melbreið átti frásögn í 9. árg. Safnamála; sjá þar um hann.

Eins og að líkum lætur í veglausri, afskekktri og fannþungri sveit, eins og Fljótin voru, gat ekki verið um fjölbreytt félags- eða skemmtanalíf að ræða.

Ég man ekki eftir neinum félagsskap, hvorki með ungum né gömlum, sem hafði neitt markmið. Pöntunarfélag bænda, sem hafði starfað nokkur ár fyrir aldamótin, var þá að detta úr sögunni. Gránufélagsverzlunin setti upp útibú í Haganesvík um aldamótin, og verzlun Fljótamanna beindist þangað, og var þessa félags- skapar ekki framur þörf.

Lestrarfélagið, sem ég hef minnst á hér að framan, var eina félagið sem til var, en segja mátti, að það væri meir á orði en borði. Hið sama mátti segja um skemmtanalífið. Það var fáþætt og einhæft.

Sumarskemmtanir unglunga voru þær helztar að ríða inn til dala á sunnudögum. Frekast voru það nú samt piltar, sem þeirra skemmtana nutu, því bæði var það, að hestar og áreiði voru af skornum skammti á bæjum, sérstaklega þó söðlar. Þá var ekki komið í móð, að konur riðu í hnakk, og svo þótti ekki sæma, að stúlkur væru á útreiðartúrum inn til öræfa með piltum. En

aftur á móti væri um kirkjuferðir að ræða í aðrar sveitir, þá þótti það ekki tiltökumál, þótt piltar og stúlkur slægju sér saman í hóp.

Önnur helzta skemmtun unglinga að sumrinu var að koma saman við sundlaugina á Lambanes-Reykjum og þreyta þar sund og ýmsa aðra leiki, svo sem glímur, hlaup, stökk o.fl.

Ekki voru stúlkur þá farnar að læra sund í Fljótum, en þó komu þær á sundstaðinn og tóku þátt í leikjunum. Aldrei var dansað að sumrinu, þó var dansinn þá farinn að ryðja sér nokkuð til rúms, en frekar átti hann erfitt uppdráttar, bæði vegna þess að eldra fólkið vildi ekki heyra hann né sjá, og svo voru víðast hvar svo slæm húsakynni, að engin tiltök voru að halda dansleiki.

Að vetrinum voru skemmtanirnar nokkru fjölbreyttari en að sumrinu, en þó voru þær mjög bundnar við veðrið. Þegar vel viðraði, var oft glatt á hjalla hjá ungu kynslóðinni á sunnudagskvöldum. Þá var gripið til skíðanna eða skautanna, enda munu Fljótamenn og — konur hafa borið af í þeirri íþrótt á landi hér, sérstaklega þó á skíðum. Ég þekkti þá marga fullorðna menn, sem voru afburða skíðamenn. Glímur voru líka mikið iðkaðar, einnig hlaup og stökk. Man ég eftir ýmsum mönnum, sem voru ákaflega fráir á fæti.

Þá voru stundum heimboð milli bæja. Var þar helzta skemmtunin spilin. Spiluð var vist, brús, gosi og púkk. Þá var og líka farið í leiki; helztir voru: Jólaleikur, pantleikur, sjöorðaleikur, segja andlát konungsins á Spáni, skollablinda, segja ferðasögu o.fl.

Ég hef áður minnst á, að dansinn var um þessar mundir að byrja að ryðja sér til rúms, en átti erfitt uppdráttar. En hér fór sem oftast, að sigursæll er góður vilji og það, sem æskan er einhuga um, hefur framgang. Dansinn átti hug æskunnar allan, og hún tók þessa skemmtun fram yfir allar aðrar, og til þess að njóta hennar, gerði æskan sér ýmislegt að góðu, sem ekki væri litið við nú.

Á Hraunum voru ágæt húsakynni. Hjónin þar voru þá enn ung, gestrisin og félagslynd. Þau kunnu bæði vel að dansa og höfðu ánægju af öllum gleðskap. Þau buðu ungu fólki, sem þau

þekktu, einu sinni eða tvisvar á dansleik heim til sín. Ekkert tóku þau fyrir þessar skemmtanir.

Á nokkrum öðrum bæjum voru til stofukytrur, sumar ekki stærri en það, að fjögur til fimm pör gátu dansað í einu. Helztu samkomustaðir unga fólksins voru á Illugastöðum og Stóra-Holti. Þar voru allstórar stofur. Ungu fólkinu þótti ágætt, ef það gat komið saman 4-5 sinnum á vetri til að fá sér snúning. Aldrei voru á þessum árum húslánin seld. Veitingar voru oftast engar, þó dansað væri alla nóttina. Aldrei heyrði ég, að spilararnir hefðu tekið neitt fyrir sína fyrirhöfn. Stundum kom það fyrir, að engir spilarar voru. Var þá bara trallað og sungið fyrir dansinum. Aldrei heyrði ég fólk kvarta um þrengsli eða vont loft á þessum skemmtunum, en geta má nærri, hvernig það hefur verið, þar sem margt fólk var saman komið í litlum stofum, þar sem ekki var hægt að opna glugga eins og víða var. En allir virtust skemmta sér vel og vera glaðir og sælir.

Fyrsta opinber skemmtun í Holtshreppi, sem ég man eftir, var haldin á Illugastöðum hjá Jóni Sigurðssyni fóstura mínum árið 1900. Skemmtun þessi var haldin til ágóða fyrir Holtskirkju. Til þess að fá meiri tekjur, ákvað sóknarnefndin að hafa „tombólu“, eins og það var þá kallað og er enn . . . Þetta hafði ekki áður þekkt hér. Allir voru þeir munir, sem gefnir voru, heima unnir, að undanskildum dráttum, sem gefnir voru frá Siglufirði og úr Hagnesvík af þeim E[inari] B. Guðmundssyni og Dagbjörtu Magnúsdóttur, konu hans. Einar var þá nýorðinn verzlunarstjóri í Hagnesvík . . .

Ég set hér til gamans nöfn á nokkrum þeim munum, sem ég man vel eftir, svo sem: Útsaumúð peysubryjóst úr klæði, brjósthlífar karla, einnig útsaumaðar, en flestar úr heima unnum dúk. Þá voru sokkar, leistar, skór úr sortulituðu sauðskinni með bryddingu, handstúkur, útprjónaðir kvenvettlingar, fingravettlingar, rósaleppar, . . . skóþráðarleggir, húfur, vaðmálsbætur o.m.fl. . . . Þá var og einnig gefinn harðfiskur, hákarlsbeitur og 2 lömb. Ekki man ég nú, hverjir búðarmennirnir voru. Engin núll voru höfð.

Seldar voru veitingar. Gáfu hinir betri bændur efnið í brauðið

og allan sykur, en þau Víkurhjón, Einar B. Guðmundsson og Dagbjört Magnúsdóttir, sem áður er getið, kaffibaunir og kaffibæti. Ekki var seldur aðgangur að skemmtuninni. Drátturinn var seldur á 25 auru og kaffibollinn . . . á 30 auru.

Þessi skemmtun var haldin á sumardaginn fyrsta árið 1900, eins og ég hef áður tekið fram.

Mér þykir rétt að geta um, hvernig veður og færi var þennan dag, af því að það var svo stór hlekkur í því, hvernig tækist með skemmtan þessa.

Þennan dag var veður hið fegursta, sólskin, logn og hiti. Fönn var að mestu farin af láglendi, skaflar aðeins í lautum og giljum. Farið var mjög að þorna um, svo orðið var þokkalegt og gott að fara. Það mátti því segja, að náttúran gerði sitt til, að hin fyrsta skemmtun, sem allir áttu aðgang að í Fljótum, mætti verða til gleði og ánægju og sem flestir gætu komið, enda varð sú raunin á, því segja mátti, að þarna kæmu velflestir hreppsþúar nema ungbörn og gamalmenni. Þá kom og margt úr Vestur-Fljótum og eitthvað úr Siglufirði. Allt hjálpaðist því að að gera daginn sem ánægjulegastan fyrir fólkið og auka tekjur kirkjunnar, enda man ég, að eldra fólkið sagði: „Svo gefur guð, sem hann er góður til“, og má það vel vera satt.

En eitt er víst: Fólkið lifði lengi í minningu þessarar fyrstu skemmtunar í Holtshreppi.

Hver er maðurinn?

Ekki þarf að fara mörgum orðum um óþekktar myndir úr síðasta árgangi Safnamála. Þær hafa víst verið venju fremur örðugar viðfangs, því við fengum aðeins upplýsingar um eina þeirra, en reyndar frá tveimur aðilum, Þórhildi Ísberg skjalaverði á Blönduósi og Ólafi Ásgeirssyni í Kópavogi. Það var mynd nr. 181 og á henni reyndust vera, talið frá vinstri: Guðríður Rafnsdóttir frá Ytra-Mallandi á Skaga, síðar kona Ásgeirs Klemenssonar í Höfðahólum á Skagaströnd, Guðríður Einarsdóttir, kona Ólafs Ólafssonar b. á Syðra-Mallandi og síðar Keldulandi á Skagaströnd og loks Guðrún Ólafsdóttir, dóttir fyrrnefndra hjóna, síðar kona Lárusar Björnssonar bónda á Keldulandi.

Um þær ókenndu myndir, sem nú birtast, er fátt að segja nema greina frá ljósmyndurum, ef það gæti orðið lesendum leiðarvísir. Mynd nr. 183 er tekin á stofu Gunnhildar Thorsteinssonar í Reykjavík, nr. 184 er frá Sæm. Guðmundssyni og nr. 185 frá H. Schiöth á Akureyri. Jón J. Árnason hefur gert mynd nr. 186 og nr. 187 og 188 eru úr smiðju Eyjólfssonar á Seyðisfirði. Nr. 189, 190, 191 og 192 eru gerðar af Árna Thorsteinssyni í Reykjavík og hefur verið skrifað á nr. 191: Sigríður Gísladóttir, en nánari skilgreiningu vantar. Carl Ólafsson ljósmyndari í Reykjavík hefur tekið nr. 193, en Ólafur Magnússon, Reykjavík nr. 194. Myndir nr. 195, 196 og 197 eru allar teknar á Akureyri, Jón Sigurðsson á heiðurinn af nr. 195, Jón J. Dalmann nr. 196 og Hallgrímur

Arnórsson nr. 197. Nr. 198 og 199 eru teknar í Kaupmannahöfn en nr. 200 hefur setið fyrir hjá Þorsteini Einarssyni á Tannstaðabakka. Nr. 201 er merkt Hallgrími Einarssyni á Seyðisfirði, nr. 202 Kjartani Guðmundssyni í Vestmannaeyjum og nr. 203, 204, 205 og 206 Sigfúsi Eymundson í Reykjavík.

H.P.



183



184



185



186



187



188



189



190



191



192



193



194



195



196



197



198



199



200



201



202



203



204



205



206



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg,

Verzlun Haraldar
Júliussonar

og hjá

Kára Jónssyni,
Smáragrund 16

útlán

BÓKASAFNIÐ


Mánudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Þriðjudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Fimmtudaga	kl. 7.30—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.30 s.d.

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu

Mánudaga	kl. 1.00— 4.00 s.d.
Fimmtudaga	kl. 8.00—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA